

Nr. 038 / 13 Gnúpur GK 11***Skipverji slasast fall***

Skipaskr.nr. 1579
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1981, stál
Stærð: 627,8 brl. 1141 bt.
Mesta lengd: 68,2 m *Skráð lengd:* 61,79 m
Breidd: 10,2 m *Dýpt:* 6,81 m
Vél: MaK 2355 kW 1981
Fjöldi skipverja: 27



Gnúpur ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. desember 2012 var Gnúpur GK 11 að togveiðun í Norðurkanti. Veður: NA 18 m/s.

Skipverji var að vinna í lest við að taka fiskikassa af færiband og stafla þeim. Verið var að fylla lestina á síðasta veiðidegi túrsins og því vann hann við mjög þröngar aðstæður upp við loft hennar. Hann átti erfitt með hreyfingar vegna þrengsla og þegar hann tók einn kassann fann hann fyrir sting í bakinu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.